

Föstudaginn 22. maí 1987.

Nr. 3/1987. **Fjármálaráðherra f.h. rikissjóðs**
 (Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)
 gegn
Félagi íslenskra flugumferðarstjóra
 (Sigurður Helgi Guðjónsson hrl.).

Verkfall. Ólögmat vinnustöðvun. Flugumferðarstjórar.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Jónas Gústavsson, Ragnar H. Hall og Jón Steinar Gunnlaugsson.

Málið, sem tekið var til dóms 21. þ.m., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu birtri og þingfestri 19. þ.m.

Stefnandi er fjármálaráðherra f.h. rikissjóðs.

Stefndi er Félag íslenskra flugumferðarstjóra.

Stefnandi gerir eftirfarandi dómkröfur:

1. Að viðurkennt verði með dómi, að ólögmat sé boðað verkfall Félags íslenskra flugumferðarstjóra hjá þeim félagsmönnum, sem starfa sem flugumferðarstjórar, og boðað var með bréfi, dagsettu 7. maí 1987, og hefjast skal hinn 25. maí 1987.
2. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað eftir mati Félagsdóms.
 Stefndi gerir eftirfarandi dómkröfur:
 1. Að stefndi verði alsýknaður af öllum kröfum stefnanda og að viðurkennt verði með dómi, að lögmat sé verkfall stefnda, sem boðað var með bréfi, dags. 7. maí sl. og hefst 25. maí 1987, kl. 8.00 árdegis.
 2. Að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað allan fyrir Félagsdómi að mati dómsins.

I.

Málavexti kveður stefnandi vera eftirfarandi:

„Með lögum nr. 94/1986 var gerð veruleg breyting á samnings- og verkfallsréttarmálum opinberra starfsmanna. Þessi lög leystu af hólmi eldri lög á þessu sviði. Þau lög, sem þar var um að ræða, voru lög nr. 62/1985 um kjarasamninga opinberra starfsmanna og lög nr. 29/1976 um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Eftir sem áður gilda lög nr. 33/1915 um verkfall opinberra

starfsmanna og ná til þeirra, sem ekki er heimilt að gera verkfall samkvæmt hinum nýju lögum.

Eitt megineinkenni hinna nýju laga er það, að samnings- og verkfallsréttur er nú alveg færður í hendur einstakra félaga opinberra starfsmanna, en áður hafði verkfallsréttur verið í höndum heildarsamtakanna, sem slíkan rétt höfðu á annað borð, þ.e.a.s. BSRB. Eftir sem áður gilda verulegar takmarkanir á verkfallsrétti opinberra starfsmanna, sbr. einkum 19. gr. laganna.

Skv. 3. tl. 19. gr. er þeim starfsmönnum, sem starfa við nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu, óheimilt að gera verkfall. Með frumvarpi til laganna á þskj. nr. 226, sem lagt var fram á 109. löggjafarþingi í desember 1986, fylgdi skrá yfir starfsheiti þeirra, sem falla undir 3. tl. 19. gr. og taldir eru vinna nauðsynlegustu öryggisgæslu- og heilbrigðisstörf. Meðal þeirra starfsheita, sem þar greinir, eru flugumferðarstjórar.

Hin nýju lög öðluðust gildi hinn 31. desember 1986. Skv. ákvæði til bráðabirgða skulu gildandi kjarasamningar gilda fyrir viðkomandi félög og einstaklinga, þar til gerðir hafa verið samningar skv. lögnum.

Með bréfi, dagsettu 26. febrúar 1987, til fjármálaráðherra andmælti FÍF, að því er flugumferðarstjóra varðar, skrá eða lista skv. 2. mgr. 19. gr. l. nr. 94/1986, er fylgdi áðurgreindu frumvarpi á þskj. nr. 226.

Hinn 7. apríl hófust samningaviðræður milli samninganefndar ríkisins og Félags íslenskra flugumferðarstjóra um kjarasamning þessara aðila.

Með bréfi, dagsettu 7. maí 1987, til fjármálaráðuneytisins tilkynnti FÍF, að hinn 2. maí hefði í leynilegri allsherjaratkvæðagreiðslu í félaginu verið samþykkt að heimila stjórn félagsins að boða til verkfalls í því skyni að stuðla að framgangi krafna sinna í kjaradeildu við fjármálaráðuneytið. Stjórn félagsins hafi nú ákveðið með vísan til þessa að boða til allsherjarvinnustöðvunar, og muni hún hefjast þriðjudaginn 25. maí nk. kl. 8.00.

Með bréfi, dagsettu 11. maí 1987, ritaði fjármálaráðuneytið FÍF og andmælti boðaðri vinnustöðvun sem ólögumætri, með því að flugumferðarstjórum væri óheimilt að gera verkfall, sbr. 3. tl. 19. gr. l. nr. 94/1986. Enn fremur væri boðun verkfallsins ekki með þeim hætti, sem lög áskilja.

Hinn 12. maí 1987 sendi FÍF skeyti, þar sem verkfallsboðun er leiðrétt, þar sem verkfall skuli hefjast mánudaginn 25. maí, en ekki þriðjudaginn 25. maí.

Loks barst fjármálaráðherra bréf, dagsett 15. maí, frá FÍF, þar sem sjónarmiðum fjármálaráðherra í bréfi 11. maí var andmælt og rökstutt, að verkfallsréttur félagsins væri fyrir hendi.“

Málsástæður og lagarök stefnanda:

„Því er haldið fram í fyrsta lagi, að með verkfallsboðun Félags íslenskra flugumferðarstjóra frá 7. maí 1987 sé lýst verkfalli opinberra starfsmanna, sem ekki er heimilt að lögum að gera verkfall.

Eins og fyrir liggur í málinu, sbr. t.d. bréf FÍF, dagsett 15. maí, hafa menn ólík viðhorf til þess, hvað fellur undir nauðsynlegustu öryggisgæslu- og heilbrigðisþjónustu. Þar kemur fram viðleitni til að túlka það afar þröngt, hvaða störf falli þar undir. Á sjónarmið FÍF verður ekki fallist, og því er haldið fram, að lögin beri að skýra svo, að flugumferðarstjórum sé með öllu óheimilt að gera verkfall. Líta verði svo á, að lögákveðin flugumferðarstjórn á flugsamgöngum innan lands og til og frá landinu hljóti að falla undir nauðsynlegustu öryggisgæslu í skilningi laganna.

Eins og að framan greinir, fylgdi frumvarpi því, er varð að lögum nr. 94/1986, listi yfir þau starfsheiti, sem falla undir 3. tl. 19. gr. laganna. Á þeim lista eru starfsheiti flugumferðarstjóra. Skv. því er engum flugumferðarstjórum heimilt að gera verkfall. Skipti þá engu máli, hvernig félagsaðild þeirra er fyrir komið.

Skv. 2. mgr. 19. gr. skal birta starfsheitaskrá fyrir 15. janúar ár hvert. Sú skrá, sem fylgdi frumvarpinu og varðaði 3. tl. 19. gr., er sú skrá, sem gildir 1. árið eftir gildistöku laganna. Að þeim tíma liðnum getur hún sætt endurskoðun eftir þeim reglum, sem 2. mgr. 19. gr. kveður á um.

Því er haldið fram í bréfi FÍF, að skráin, sem fylgdi frumvarpinu, sé marklaus, með því að hún hafi ekki hlotið birtingu í B-deild stjórnartíðinda. Á það verður ekki fallist, að skrána hafi sérstaklega þurft að birta í B-deild stjórnartíðinda. Það, sem hér skiptir máli, er, að skráin komst örugglega til vitundar þeirra, sem við hana eiga að búa. Hér fari það ekkert á milli mála, þar sem skráin birtist í Alþingistíðindum, sbr. einnig bréf FÍF, dags. 26. febrúar 1987.

Í þessu efni er einnig byggt á venju, sem fylgt var varðandi hliðstæðar skrár, er gera skyldi skv. eldri lögum yfir aðila, sem ekki

var heimilt að gera verkfall, sbr. dóm Félgsdóms 2. október 1984 í málinu nr. 7/1984.

Stefnandi reisir kröfur sínar í öðru lagi á því, að ekki hafi verið löglega staðið að boðun verkfallsins, þar sem skv. 15. gr. laga nr. 94/1986 er ákilið, að ákvörðun um boðun verkfalls skuli tekin í almennri leynilegri atkvæðagreiðslu í stéttarfélaginu. Óheimilt er að lögum að framselja það ákvörðunarvald til stjórnar félagsins, eins og gert var í þessu tilviki og fram kemur í verkfallsboðun félagsins í bréfi 7. maí og rakið er í málavaxtalýsingu hér að framan. Önnur félög opinberra starfsmanna, sem þessi lög taka til, hafi í reynd fallist á þennan skilning.“

II.

Stefndi kveður fyrrgreinda málavexti óumdeilda, en tekur fram, að atkvæðagreiðslan um verkfallsboðunina hafi verið leynileg allsherjaratkvæðagreiðsla, sem hafist hafi hinn 29. apríl 1987 á félagsfundum stefnda. Henni hafi lokið hinn 2. maí sl., og hafi atkvæðaseðillinn verið þannig:

„Atkvæðagreiðsla um heimild til handa stjórn FÍF um boðun verkfalls:

Apríl 1987 · Meðmæltur heimild _____

Andvígur heimild _____“

Á kjörskrá hafi verið 87 og 75 hafi greitt atkvæði, með verkfallsheimild 69, á móti 4, en 2 seðlar hafi verið auðir.

Kröfur sínar byggir stefndi á eftirfarandi málsástæðum, laga-rökum og sjónarmiðum.

„Það er óumdeilt, að lög nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna gilda um flugumferðarstjóra og að Félag íslenskra flugumferðarstjóra er stéttarfélag, sem hefur rétt til að vera samningsaðili samkvæmt lögnum, sbr. 5. gr. þeirra.

Lögin hafa í 14. gr. að geyma þá *meginreglu*, að stéttarfélagi, sem er samningsaðili skv. lögnum, sé heimilt að gera verkfall í þeim tilgangi að stuðla að framgangi krafna sinna. Í lokamálslið tédra greinar er áréttað, að lög nr. 33/1915 um verkfall opinberra starfsmanna ná ekki til þeirra, sem undir lögin falla.

Í 19. gr. laganna eru þeir starfsmenn tiltekni, sem hafa ekki heimild til verkfalls. Það ákvæði felur í sér *undantekningu* frá meginreglu laganna um heimild til verkfalls. Það leiðir af viðurkenndum lögskýringarreglum og lögskýringarsjónarmiðum, að túlka ber 19. gr.

laganna þröngt því að undantekningar frá meginreglum laga eru ávallt túlkaðar þröngt. Það verður því að koma fram glögg og ótvírætt, ef svipta á einhverja menn verkfallsrétti þeirra, og túlka verður þau ákvæði, sem takmarka verkfallsrétt, þröngt.

Samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 19. gr. nær heimild til verkfalls ekki til þeirra, sem starfa við *nauðsynlegustu öryggisgæslu* og heilbrigðisþjónustu. Jafnvel þótt þetta ákvæði sé túlkað eftir orðanna hljóðan, þá er augljóst, að undantekningarreglu þessari er ætlað-þröngt gildissvið. Í því er talað um nauðsynlegustu öryggisgæslu, en ekki t.d. nauðsynlega, eðlilega eða fullnægjandi öryggisgæslu.

2. mgr. 19. gr. laganna hefur að geyma reglur um framkvæmd og útfærslu á 3. - 6. tl. 1. mgr. ákvæðisins, og er hún svohljóðandi:

„Fyrir 1. febrúar ár hvert skulu fjármálaráðherra og sveitarfélög, að undangengnu samráði við viðkomandi stéttarfélög, birta skrár um störf þau, sem falla undir ákvæði 3. - 6. tölul. fyrri mgr. þessarar greinar. Ný skrá tekur gildi 15. febrúar næst eftir birtingu. Sé ný skrá ekki birt samkvæmt framangreindu, framlengist síðast gildandi skrá um eitt ár. Andmæli gegn breytingum á skráum skulu borin fram fyrir 1. mars sama ár, og skal ágreiningur um breytingar lagður fyrir Félagsdóm, sem sker úr honum til fullnustu.“

Skrá sú, sem hér um ræðir, hefur *ekki* verið birt í B-deild stjórnartíðinda, svo sem ráð er fyrir gert. Þá hefur *ekki* verið haft samráð við stefnda eða eftir því leitað varðandi skrá þessa. Hins vegar fylgdi með frumvarpi „því, sem varð að ofangreindum lögum, listi yfir þau störf, sem“ aðilar voru sagðir sammála um, að eiga að skipa slíka skrá. Við gerð þessa lista var ekkert samráð haft við stefnda, enda þótt allir félagsmenn stefnda hafi verið settir á listann. Í greinargerð með frumvarpinu er sagt, að ráð sé fyrir því gert, að listi þessi eigi að vera stefnumarkandi um þá, sem undanþegnir eiga að vera verkfalli skv. 19. gr., og fyrirmynd að hliðstæðum listum í framtíðinni.

Til fyllsta öryggis sendi stefndi hinn 24. febrúar sl. fjármálaráðherra andmæli við lista þessum, og óskaði FÍF eftir viðræðum við fjármálaráðuneytið varðandi mál þetta og áskildi sér jafnframt allan rétt til að leggja ágreining fyrir Félagsdóm. Bréfi þessu hefur ekki verið svarað, og engin viðbrögð hafa komið fram við því af hálfu ráðuneytisins. Hefði þó bréf þetta átt að gefa fjármálaráðherra sérstakt tilefni til að huga að málinu og til að fara að lögum í þessu efni.

Stefndi heldur því fram og byggir á því, að listi sá, sem fylgdi frumvarpinu, hafi ekki gildi sem skrá skv. 2. mgr. 19. gr. Ef listinn hefði átt að hafa slíkt gildi, hefði það orðið að koma skýrt fram í lögnum sjálfum, að hann ætti að gilda sem skrá skv. lögnum til bráðabirgða. Í lagatextanum kemur ekkert slíkt fram og raunar ekki heldur í athugasendum í greinargerð, sem fylgdi frumvarpinu. Það kemur ekkert fram, sem rennir stoðum undir þá skoðun stefnanda, hvorki í lagatextanum né í lögskýringargögnum, að umræddur listi eigi að gilda sem skrá fyrsta árið eftir gildistöku laganna, þ.e. til 15. febrúar 1988. Ákvæðið sjálft er alveg skýrt í þessu efni, og ekki verður séð, að umræddur listi hafi yfirleitt lagalega þýðingu nema e.t.v. sem viljayfirlýsing þeirra, sem að honum stóðu, en stefndi átti, sem áður segir, engan hlut að máli, og ekkert samráð var við félagið haft í því efni.

Af framangreindum ástæðum og að öllu virtu er listinn á engan hátt bindandi sem skrá eða sem viðmiðun fyrir stefnda. Enginn af þeim aðilum, sem sagðir voru sammála um, að umræddur listi ætti að vera stefnumarkandi, hafði umboð til þess án nokkurs samráðs að setja alla félaga í stefnda á slíkan lista, þannig, að það geti talist bindandi fyrir félagið að nokkru leyti.

Í sjálfu sér er óþarft að fjalla frekar um lista þennan efnislega en það er þó að álitni stefnda augljóst, ef hann er lagður til grundvallar, að hann er allt of víðtækur, hvað varðar félagsmenn í stefnda. Eins og áður segir, verður að túlka þröngt ákvæði 19. gr., sem fela í sér undantekningu frá meginreglunni um verkfallsréttinn. Það er ekki hægt að fallast á, að öll störf allra flugumferðarstjóra falli undir „nauðsynlegustu öryggisgæslu“.

Stefndi telur skv. framansögðu ótvírætt, að félagið hafi verkfallsrétt og hafi því haft fulla heimild til að boða til verkfallsaðgerða eftir þeim reglum, sem lög nr. 94/1986 hafa að geyma. Jafnframt telur stefndi ótvírætt, að engin gildandi skrá skv. 2. mgr. 19. gr. sé fyrir hendi og að umræddur listi, sem fylgdi frumvarpinu, geti á engan hátt komið í stað slíkrar skrár og hafi því ekki þýðingu og sé ekki bindandi fyrir stefnda.

Hins vegar telur stefndi sér vitaskuld skylt að virða ákvæði 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laganna og halda uppi *nauðsynlegustu öryggisgæslu* varðandi flugumferðarstjórn. Var því í verkfallsboðun félagsins lýst yfir, að félagsmenn myndu þrátt fyrir verkfallið sinna

sjúkra- og neyðarflugi, flugi, sem nauðsynlegt er vegna varna landsins, og flugi tengdu löggæslu, þ.m.t. landhelgisgæslu.

Þetta eru þau störf eða sá hluti starfa flugumferðarstjóra, sem stefndi telur, að falli undir téð ákvæði. Því er hins vegar allsendis hafnað, að önnur störf flugumferðarstjóra falli þar undir.

Með bréfi til fjármálaráðuneytisins, dags. 15. maí 1987, var því lýst yfir, að stefndi væri reiðubúinn til viðræðna við ráðuneytið og aðra hlutaðeigendur um nánari útfærslu á nauðsynlegustu öryggisgæslu, meðan verkfall stæði yfir. Þessu boði hefur ekki verið sinnt af hálfu stefnanda eða flugumferðarstjórnar, og er það í sjálfu sér ábyrgðarhluti. Af þeirri ástæðu m.a. hefur stefndi talið rétt að gera nánari grein fyrir því, hvað hann telji felast í nauðsynlegustu öryggisgæslu í þessu sambandi og hvaða starfsemi muni verða haldið uppi komi til verkfalls.

Nánari útlistun á því lagði stefndi fram í málinu á dskj. nr. 14 og hljóðar þannig:

„*Minnisatriði stjórnar FÍF, ef til verkfalls kemur 25/5 '87.*

Til að sinna nauðsynlegustu öryggisgæslu telur stjórn FÍF rétt að manna sem hér segir:

Flugturn Akureyri - einn flugumferðarstjóri.

Flugturn Vestmannaeyjum - einn flugumferðarstjóri.

Flugturn Reykjavík - einn flugumferðarstjóri.

Flugturn Keflavík - einn flugumferðarstjóri.

Aðflugsstjórn Keflavík - einn flugumferðarstjóri.

Aðflugsstjórn Reykjavík - einn flugumferðarstjóri

(þar af einn varðstjóri).

Flugstjórnarmiðstöð:

Einn vaktstjóri ásamt:

Innanlandsdeild - tveir flugumferðarstjórar

(ACC-H 1, ACC-L 1).

Úthafsdeild - einn flugumferðarstjóri.

FÍF er reiðubúin að veita eftirtöldu flugi flugumferðarþjónustu: *Sjúkraflugi*, þ.e. flugi með sjúkling til læknishjálpar (og til baka, ef við á).

Neyðarflugi, þ.e. flugi vegna leitar og björgunar, þar með töldu æfingaflugi björgunardeildar varnarliðsins og Landhelgisgæslu, svo og hvers konar flugi, sem stofnað er til vegna yfirvofandi eða raunverulegs hættuástands.

Flugi, sem nauðsynlegt er vegna varna landsins, þ.e. öllu „varnarflugi“ (active air defense) orustubotna varnarliðsins, öllu flugi AWACS-véla og tilheyrandi flugi eldsneytisvéla, einnig öllu kafbátaleitarflugi skv. starfsreglum um „ODIN-agreement“.

Flugi, sem nauðsynlegt er vegna löggæslu, þ.e. öllu flugi landhelgisgæslu.

Í stjórn F.Í.F. 20. maí 1987.“

Stefndi kveðst reiðubúinn til að tilnefna mann í nefnd samkvæmt 21. gr. laganna, sem ákveði, hverjir félagsmenn skuli kvaddir til starfa samkvæmt 20. gr. tímabundið til að afstýra neyðarástandi.

Enn fremur segir stefndi svo um kröfugerð sína:

„Í öðru lagi byggir stefndi kröfur sínar á því, að ákvörðun félagsins um verkfallsboðun hafi verið tekin í fullu samræmi við 15. gr. laga nr. 94/1986 og eðlilegan skilning á því ákvæði.

Meginatriðið í þessu sambandi er það, að yfirgnæfandi meiri hluti félagsmanna samþykkti í leynilegri atkvæðagreiðslu að beita verkfallsaðgerðum. Stjórn félagsins tók enga sjálfstæða ákvörðun í því efni. Henni var hins vegar falið að annast sjálfa boðun verkfallsins og ákveða nánar tímasetningu á upphafi þess. Var vitaskuld fyrst og fremst við það miðað, að boðun yrði í lögmæltu formi og með lögmæltum fyrirvara. Í beinu framhaldi af téðri atkvæðagreiðslu var síðan boðað til verkfallsins. Þessi framgangsmáti er að mati stefnda í fullu samræmi við 15. gr. laga nr. 94/1986.

Hér var ekki um neitt framsal ákvörðunarvalds til stjórnarinnar að tefla. Hér var farin sú leið, sem að yfirveguðu máli þótti einföldust og heppilegust, m.a. með tilliti til þess, ef til þess kæmi, að fresta þyrfti verkfallsaðgerðum á síðustu stundu með hliðsjón af stöðu sammingsmála þá. Það er augljóst, að ef lagt hefði verið fyrir stjórnina að boða til verkfalls á nákvæmlega tilteknum degi, þá hefði þurft sérstaka atkvæðagreiðslu um frestun. Það tæki drjúgan tíma, og slíkur dráttur á viðkvæmu stigi gæti verið afdrifaríkur og varla hugsanlegur þeim, sem verkfallið beinist gegn.

Skýtur skökku við hin stranga lagatúlkun stefnanda á 15. gr. laganna miðað við hina frjálslegu túlkun hans á 19. gr.“

Stefndi mótmælir sem ósannaðri þeirri fullyrðingu stefnanda, að önnur félög opinberra starfsmanna hafi í reynd fallist á skilning stefnanda á 15. gr. laganna.

Ágreiningslaust er með aðilum, að eftir gildistöku laga nr. 94 frá 31. desember 1986 hafi ekki verið samin sérstök skrá í samráði við viðkomandi stéttarfélög né hafi slík skrá verið birt. Gerð og birting slíkrar skrár er þó boðin í 2. mgr. 19. gr. laganna. Fallast ber á með stefnda, að skrána beri að birta í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 2. gr. laga nr. 64/1943 og athugasemd um 19. gr. lagafrumvarpsins, sem varð að lögum nr. 94/1986. Skrá sú, sem fylgdi lagafrumvarpinu og prentuð var í Alþingistíðindum, kemur ekki í stað skrár þeirrar, sem boðin er í 2. mgr. 19. gr. laganna, þar sem hún uppfyllir hvorki skilyrði lagaákvæðisins um samráð né birtingu.

Hins vegar verður ekki talið, að gerð slíkrar skrár og birting sé fortakslaust skilyrði þess, að tilteknum starfsmönnum sé óheimilt að gera verkfall skv. 3. - 6. tl. 1. mgr. 19. gr. laganna.

Enda þótt ekki hafi verið fylgt lagafyrirmælum um gerð skrárinnar og birtingu, telur dómurinn sér skylt allt að einu að taka efnislega afstöðu til þess, hvort ákvæði 3. - 6. tl. eigi við um tiltekna starfsmenn, ef ágreiningur um það er undir hann borinn. Hefur og komið fram af hálfu stefnda í máli þessu, að félagsmenn hans telji sér skylt að virða ákvæði 3. tl. 1. mgr. 19. gr. þrátt fyrir annmarka þá, sem þeir telja vera á gerð og birtingu listans, og að þeir telji, að þeirri skyldu verði fullnægt með tiltekinni lágmarkspjónustu félagsmanna, eins og fram kemur í ofangreindu bréfi stefnda á dskj. nr. 14.

Dómurinn lítur svo á, að störf flugumferðarstjóra séu þess eðlis, að þau falli fullkomlega undir 3. tl. 1. mgr. 19. gr. laganna, og að félagsmönnum stefnda sé því óheimilt að gera verkfall. Ber því að fallast á með stefnanda, að hið boðaða verkfall stefnda sé ólögmaett.

Dómurinn telur eftir atvikum rétt að taka fram, að stefndi stóð ekki löglega að ákvörðun um boðun verkfallsins. Í 15. gr. laganna er boðið berum orðum, að ákvörðun um boðun verkfalls skuli tekin í almenntri leynilegri atkvæðagreiðslu í hverju stéttarfélagi, og er framsal á slíku ákvörðunarvaldi ekki heimilað.

Eftir öllum atvikum er rétt, að hvor aðili beri sinn málskostnað.

D ó m s o r ð:

Boðað verkfall Félags íslenskra flugumferðarstjóra hjá þeim félagsmönnum, sem starfa sem flugumferðarstjórar, sem boðað var með bréfi, dagsettu 7. maí 1987, og hefjast skyldi hinn 25. maí 1987, er ólögmaett.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 30. júní 1987.

Nr. 4/1987.

**Félag ráðgjafarverkfræðinga
vegna Verkfræðistofu Sigurðar
Thoroddsen h/f (VST h/f)**

(Skúli J. Pálmason hrl.)

gegn

Stéttarfélagi verkfræðinga

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Verkfall. Verkfræðingar. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Björn Helgason, Jónas Gústavsson, Jón Þorsteinsson og Gunnar Guðmundsson.

Málið, sem tekið var til dóms 25. þ.m., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu birtri 12. þ.m.

Stefnandi er Félag ráðgjafarverkfræðinga vegna Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen h/f (VST h/f), Ármúla 4, Reykjavík.

Stefndi er Stéttarfélag verkfræðinga, Engjateigi 9, Reykjavík.

Stefnandi gerir eftirfarandi dómkraftur:

1. Að stefndu stéttarfélagi verði dæmt skylt að þola, að eigendur (hluthafar) Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen h/f, sem ekki séu félagar í stefnda, vinni verkfræðistörf í verkfalli félagsmanna stefnda, enda fullnægi þeir almennum hæfnisskilyrðum þar til.